

Fundargerð XXX. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

8. apríl 2016

Árið 2016, föstudaginn 8. apríl var XXX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hófst það kl. 10 árdegis. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var: *Umbætur og breytingar – tækifæri eða ógnanir?*

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Í upphafi máls síns ræddi formaður sambandsins um þá atburði sem átt hafa sér stað í stjórnámum á undanförunum dögum. Hann sagði ljóst að stjórnámamenn, bæði í landsmálum og á sveitarstjórnarstigi, hefðu verk að vinna – að bæta stjórnálin, bæta traust í samfélaginu og tryggja það að kjörnir fulltrúar komist sem næst því að deila kjörum með fólkinu í landinu. Í ræðu sinni fjallaði formaður sambandsins síðan um m.a. ný lög um opinber fjármál, samkomulag um tónlistarskóla og stofnun nýs tónlistarframhaldsskóla, stofnun Þjóðhagsráðs, bankaskatt og samningaviðræður um daggjöld hjúkrunarheimila. Enn fremur kom formaður í ræðu sinni inn á húsnæðismálin, sem eru afar stórt hagsmunamál fyrir sveitarfélögin, samning um þjónustu við fatlað fólk, flóttamannamál, jafnréttismál, hlutföll kynja í sveitarstjórnnum, persónukjör og rafræna kjörskrá.

Þá fór formaður yfir rekstur sveitarfélaga á síðasta ári. Rekstrarafkoma sveitarfélaga versnaði á árunum 2014–2015 og þar vógu dýrir kjarasamningar þungt. Í máli formanns kom fram að samninganefnd sambandsins hefur lokið gerð kjarasamninga við 57 af 64 viðsemjendum.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Samkvæmt tillögu formanns sambandsins voru þau Anna Sigríður Guðnadóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra, kjörin þingforsetar.

Þau tóku þegar við stjórn þingsins. Borin var upp tillaga um kjör ritara og kjörbréfanefndar.

Ritarar þingsins voru kjörin Vigdís Häsler og Magnús Karel Hannesson, starfsmenn sambandsins.

Í kjörbréfanefnd voru kjörin: Jóna Björg Sætran, borgarfulltrúi í Reykjavík, Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerði, og Kristín Þórðardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi eystra.

3. Kjör aðalmanns og varamanna í stjórn sambandsins

Fyrir þinginu lá eftirfarandi tillaga í þremur liðum:

- a) Lagt er til að í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur, sem hefur misst kjörgengi sitt til setu í stjórn sambandsins, verði kjörinn aðalmaður Skúli Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík.
- b) Lagt er til að Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, verði kjörin varamaður Skúla Helgasonar.
- c) Lagt er til að í stað Bryndísar Gunnlaugsdóttur, sem misst hefur kjörgengi sitt sem varamaður Ísólfs Gylfa Pálmasonar í stjórn sambandsins, verði kjörin Ásgerður K. Gylfadóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Þar sem ekki komu fram aðrar tillögur skoðast tillagan samþykkt og framangreindir aðilar því rétt kjörin sem aðalmaður og varamenn í stjórn sambandsins út kjörtímabilið.

4. Fjármál sveitarfélaga

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, ræddi og skýrði samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.

Í nýjum lögum um opinber fjármál er kveðið á um formlegt og reglubundið samstarf ríkisins við sambandið og sveitarfélögin um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Samkomulagið á að fela í sér niðurstöðu samráðs aðila og einnig sameiginlegan skilning á markmiðum ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum.

Karl fjallaði um efnahagsforsendur og hagstjórnarleg markmið samkomulagsins og nefndi eftirfarandi atriði:

- Núverandi efnahagsforsendur verður að skoða í ljósi margra ára samfellds hagvaxtartímabils á Íslandi og spár um vöxt fyrir komandi ár.
- Það er því spenna á vinnumarkaði með hættu á að ósjálfbærar launahækkningar á hluta tímabilsins ógni stöðugleika.
- Forðast þarf, að fjárfestingaráform opinberra aðila auki spennu í efnahagskerfinu næstu ár sem skapar svigrúm fyrir fjárfestingar hins opinbera eftir því sem líður á gildistíma fjármálaáætlunar.
- Það mun síðar skapa svigrúm ríkis og sveitarfélaga til að mæta niðursveiflu og milda þannig áhrif hennar

Í viðræðum fulltrúar ríkisins og sambandsins hafa aðilar orðið sammála um afkomumarkmið hins opinbera sem byggja á grunngildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Lögð er áhersla á að rekstur sveitarfélaga verði sjálfbær - skuldir þeirra sem hlutfall af VLF hækki ekki og stefnt að því að þær fari lækkandi – og að rekstur sveitarfélaga verði innan varúðarmarkna. Aðilar eru jafnframt sammála um að skoða tekjustofna sveitarfélaga, uppruna þeirra og dreifingu og mögulega styrkingu þeirra reynist þess þörf, t.d. með

bættum skattskilum. Þá er vilji til þess að kanna hugsanlega hlutdeild sveitarfélaganna í tilteknum þáttum í tekjuöflun ríkisins.

Þá nefndi Karl Björnsson að stefnt sé að því að móta skýrt vinnuferli og þróa framsetningarmáta á niðurstöðum kostnaðarmats laga, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins, er hafa áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélaga í samræmi við sveitarstjórnarlög, og ferli til að ákvarða fjármögnun þeirra. – Það verði búinn til nokkurs konar „viðskiptareikningur“ ríkis og sveitarfélaga, þar sem á hverjum tíma megi sjá hvort sveitarfélögin séu í plús eða mínus í samskiptum sínum við ríkisvaldið.

Karl lauk máli sínu á því að segja að fyrsta samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál sé upphafið að langri leið – leiðinni til framfara og skynsamlegrar hagstjórnar, þar sem hagsmunir sveitarfélaga verða í hávegum hafðir í hlutlægum árlegum viðræðum aðila.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, fjallaði um þróun útgjalda og útgjaldaþrýsting hjá sveitarfélögunum á síðustu árum.

Ásta birti yfirlit um þróun tekna og útgjalda sveitarfélaga frá 2002 til 2014.

Hún sagði útgjaldaþrýstinginn koma víða að – frá ríkinu, Alþingi, hagsmunasamtökum, félagasamtökum, íbúunum, starfsmönnum sveitarfélaga og eigin stofnunum og svo frá sveitarfélögunum sjálfum – ákvarðanir eins sveitarfélags hafa áhrif á önnur í samanburði um tekjur og útgjöld. Hún nefndi ýmis dæmi máli sínu til stuðnings.

Byggingar og rekstur hjúkrunarheimila, þar sem sveitarfélögin eiga að leggja fram að lágmarki 15% stofnkostnaðar og lóðir að auki og hafa verið að taka á sig kostnað við rekstur vegna þess að daggjöld ríkisins duga ekki fyrir rekstrinum. Mikill þrýstingur er af ríkisins hálfu að stofnkostnaðarhlutfallið sé hækkað.

Stöðugur þrýstingur, bæði frá ríki, Samtökum atvinnulífsins og verktökum í byggingariðnaði, um lækun gjaldskráa, t.d. vegna húsbygginga – lóðarverð.

Móttaka flóttamanna hefur skapað útgjaldaþrýsting á sveitarfélögin frá ýmsum aðilum.

Þá ræddi Ásta um greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem byggðust á svokölluðu SIS-mati og þar færu greiðslur lækkandi ár frá ári. Hún nefndi eftirlit með leikvöllum og kostnað því tengdan. Þá væri mikill útgjaldaþrýstingur tengdur ferðaþjónustu og auknum fjölda ferðamanna sem sækja Ísland heim.

Sem dæmi um þrýsting frá Alþingi nefndi hún þingsályktunartillögu um bann við notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, sem ekki er talið eins alvarlegt mál og margir vilja vera láta. En sveitarfélögin brugðust við þingsályktunartillögunni, sendu inn umsagnir og þó nokkur sveitarfélög hafa ákveðið að skipta gúmmíkurlinu út með tilheyrandi kostnaði. Þá kom Ásta inn

á þrýsting sem er á sveitarfélögin vegna byggingar íþróttamannvirkja og greiðslu íþróttastyrkja.

Ásta fjallaði um gatnakerfið og það að sveitarfélögin fá ekki neinar tekjur af olúgjaldi né öðrum bílatengdum sköttum sem nýta mætti til viðhalds á gatnakerfi sveitarfélaga. Þá séu uppi síauknar kröfur um aukna umhirðu, m.a. gatnaþvott og sópun.

Og svo mætti ekki gleyma umræðunni um gjaldfrjálstan leikskóla. Ásta fór yfir kostnaðarhlutdeild foreldra í leikskólagjöldum og dagvistun þar sem fram kom að hlutdeild leikskólagjalda í kostnaði við rekstur leikskóla fer lækkandi.

Ásta minntist á svokallaða Grábók, sem er listi yfir verkefni sem eru á gráu svæði milli ríkis og sveitarfélaga, og um styttingu bótatíma atvinnuleysisbóta. Hún nefndi málefni barna og kostnað við nám grunnskólanema í framhaldsskólum. Velti því upp hvort verið sé að skapa hefð fyrir viðbótar kostnaði fyrir sveitarfélögin. Nefndi almannatryggingar og félagslega aðstoð vegna öryrkja með hlutagreiðslur frá TR sem hafa verið búsettir erlendis. Að lokum nefndi hún málefni aldræðs fólks og skörun við þjónustu við fatlað fólk.

Í almennum umræðum tóku til máls:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, ræddi um skiptingu banka-skattsins, sem ágreiningur hefur verið um milli sveitarfélaganna. Dagur sagði sveitarfélögin þurfa að standa saman um að ná til baka allri tekjuskerðingu vegna skattfrelsis séreignarsparnaðar. Enginn árangur mun nást nema sveitarfélögin standi saman.

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, fjallaði um óbeina skatta og þá aukningu tekna, sem ríkið hefur fengið í gegnum virðisaukaskatt af ferðamannaþjónustu, en sveitarfélögin fá enga hlutdeild í. Sveitarfélögin sitja aftur á móti uppi með kostnað við uppbyggingu á þjónustu og aðstöðu. Hann nefndi einnig að sveitarfélögin fengju ekki lengur endurgreiddan virðisaukaskatt af endurbótum og viðhaldi á eignum sínum.

Skúli Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík, vakti athygli á nokkrum atriðum sem varða tekjuöflun sveitarfélaga. Hann minntist á málefni tónlistarskóla og hve óskýr verkaskipting er á milli ríkis og sveitarfélaga í þeim málaflokki. Sagði að þetta væri einfalt í sínum huga – sveitarfélögin ættu að sjá um grunn- og miðstig í tónlistarnámi og ríkið um framhaldsstigið. Þá nefndi hann að sveitarfélögin ættu að fá hlutdeild í gistináttaskatti.

Íón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðarbyggð, deildi áhyggjum sínum af því, hvaða áhrif ný lög um opinber fjármál munu hafa á minni sveitarfélög og hugsanlega að þau verði að skerða þjónustu til þess að ná settum fjárhagsviðmiðunum. Þá nefndi hann að ræða þurfi um stærð og stöðu sveitarfélaga og hvort þau hafi burði til þess að sinna þeirri þjónustu sem gerð er krafa um. Sambandið þurfi að leiða þá vinnu.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað, ræddi málefni hjúkrunarheimila og samskipti ríkis og sveitarfélaga í því sambandi. Launakostnaður er stærsti kostnaðarliður við rekstur hjúkrunarheimila og þjónustupörfin er aukast. Því er mikilvægt að skoða og ræða málið út frá því og alveg augljóst að 1 ma.kr. dugar engan veginn til þess að rétta við fjárhag hjúkrunarheimilanna.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, brást við nokkrum atriðum í máli þingfulltrúa. Á sínum tíma var barist fyrir framlengingu á endurgreiðslu virðisaukaskatts af endurbótum á húseignum sveitarfélaganna, en það bar ekki árangur sem erfiði. Karl lagði áherslu á að lög um opinber fjármál verði rýnd með „byggðagleraugum“ og að horft yrði á allar fjárveitingar hvernig þær koma út fyrir byggðir landsins. Þá yrði að þakka fyrir að fá 1 ma.kr. inn í daggjaldakerfi hjúkrunarheimilanna – það væri hægt að taka undir það væri ekki nóg – en það væri þó betra en ekki neitt og vonast væri eftir meiru.

Klukkan 12 á hádegi var gert hádegisverðarhlé.

Klukkan 13:05 hófust þingstörf að nýju.

5. Álit kjörbréfanefndar

Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerðisbæ, gerði grein fyrir athugun kjörbréfanefndar á kjörbréfum og er niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

„Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem hafa orðið á aðal- og varamönnum sveitarfélaganna frá síðasta landsþingi í apríl 2015. Ný og breytt kjörbréf bárust frá 10 sveitarfélögum og eru þau öll gild.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti á þinginu eru 17 frá 58 sveitarfélögum. Þá eru mættir 4 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eru samtals 45. Alls eru því mættir til landsþingsins 162 fulltrúar. Að auki sitja þingið 8 gestir og 26 starfsmenn sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga.

Seturétt á landsþinginu eiga 151 fulltrúar frá 74 sveitarfélögum með atkvæðisrétti. Enginn fulltrúi er frá 16 sveitarfélögum.

Það er álit kjörbréfanefndar að XXX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga teljist lögmætt og ályktunarbært.“

6. Menntun, tækni og samfélag framtíðar

Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, flutti næst erindi með framangreindri yfirskrift.

Hann sagði í upphafi máls síns m.a.: „Það þarf fjölmargt til þess að íslensku samfélagi gangi sem best til framtíðar, en það er sameiginlegt markmið okkar allra. Það þarf **verðmætasköpun** sem stendur undir þeim lífsgæðum og

samfélagsþjónustunni sem við krefjumst. Það þarf **mannauð** til að gegna þeim hlutverkum sem nauðsynleg eru til að skapa verðmæti og veita þjónustu. Það þarf **umhverfi** sem skapar vissu og öryggi, en býður um leið upp á tækifæri til að gera nýja hluti og skapa ný verðmæti. Sveitarfélögin leika stórt hlutverk í framþróun íslensks samfélags, því sveitarfélög sjá um stóran hluta þeirrar þjónustu sem veitt er í nærumhverfinu, bera ábyrgð á lykilþáttum í umhverfinu og skapa sterka umgjörð um mannauðinn.“

Dr. Ari fjallaði um hlutverk háskólanna við menntun mannauðsins og við sköpun nýrra tækifæra og nýrrar þekkingar. Nýsköpunar- og frumkvöðlahugsun hafa gefið Íslandi mikið og mun gera til framtíðar.

Ari ræddi í erindi sínu, að sveitarfélögin eigi að vera leiðandi í menntun á öllum stigum, bæði á þeim skólastigum sem eru á þeirra ábyrgð en líka í góðu samstarfi við þá sem bera ábyrgð á öðrum skólastigum. Sveitarfélögin eigi jafnframt að skapa umhverfi sem stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfi fyrir hugvitið sem liggur til grundvallar nýsköpun og frumkvöðlastarfið.

Þá tók Ari sem dæmi um samstarf háskóla og nærsamfélags frumkvæði Vestmannaeyjabæjar um nám í haftengdri nýsköpun, sem hefst næsta haust í Vestmannaeyjum. Sagði þetta dæmi um hvernig hægt sé að bregðast við breytingum og nýjum störfum með djörfum ákvörðunum, með nýjum og óvenjulegum lausnum og síðast en ekki síst með breiðri og góðri samvinnu.

Dr. Ari endaði erindi sitt á því að hvetja til samvinnu – „... verum djörf, finnum nýjar leiðir og vinnum saman. Og munum að horfa út fyrir okkar stofnun og okkar hagsmuni – horfum alltaf á heildarhagsmuni Íslands.“

Í almennum umræðum spurði Dagur B. Eggertsson, borgastjóri í Reykjavíkurborg, hvort sjá megi fyrir frekari sameiningar í háskólaumhverfinu.

Ari Kristinn Jónsson svaraði því til að hægt sé að hafa skilvirkara háskólakerfi hvað varðar gæði starfsins. Hafa ber í huga, að þó okkur þyki fjöldi háskóla-menntunarstofnana heldur hár í dag, þá hafa sameiningar átt sér stað. Hans skoðun er sú, að sé sett upp kerfi fyrir fjármögnun og til gæðaeftirlits sem er skilvirkt og gagnsætt, þar sem háskólastofnunum er umbunað fyrir að standa sig vel þá komi þessir hlutir af sjálfu sér.

7. Húsnæðismál

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, flutti því næst erindi um leiguíbúðir, eignaríbúðir og sveitarfélögin og stöðu húsnæðisfrumvarpa á Alþingi.

Ráðherra þakkaði fyrir það tækifæri sem hún fengi nú til að ræða húsnæðismálin beint við fulltrúa sveitarfélaganna. Húsnæðismálin væru eitt af þeim lykilmálum sem er brýnt að ljúka áður en hægt er að ganga til kosninga.

Þá fjallaði ráðherra um stjórnarsáttmálann um framtíðarskipan húsnæðismála. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa skilað árangri og ekki hefur sést lægra

skuldahlutfall heimila frá aldamótum. Hækkun íbúðarverðs hefur skipt hér máli og raunveruleg fækkun á íbúðarlánnum hefur leitt til lækkaðs veðsetningarhlutfalls.

Ráðherra kom inn á málefni ungs fólks á húsnæðismarkaði sem stendur frammi fyrir erfiðri skuldastöðu. Staðan hefur hins vegar almennt verið að batna t.a.m. með minna atvinnuleysi. Hins vegar verði að horfa til tekjulægri einstaklinga sem eru líklegri til að búa í leiguhúsnæði.

Ráðherra fór svo yfir yfirlýsingu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál og hvernig sköpuð verði betri skilyrði fyrir uppbyggingu húsnæðismarkaðarins, m.a. með lækkun byggingarkostnaðar.

Þá nefndi ráðherra að ekki sé verið að leggja af séreignastefnuna, heldur er verið að huga að því að fólk geti raunverulega eignast hluta í húsnæði sínu. Foreldrar þurfa að huga að þessu strax og barn fæðist. Fyrir þá, sem ekki geta lagt til hliðar, þarf að bjóða upp á aðgengi að hagkvæmu leiguhúsnæði.

Ráðherra fór yfir húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar og nefndi í því samhengi ný lög um fasteignalán og þörf fyrir því að auka val á búsetuformi í samræmi við þarfir hvers og eins. Minntist á frumvarp um almennar íbúðir og um nýtt félagslegt leiguíbúðakerfi, sem byggir á danskri fyrirmynd og verður fjármagnað með stofnframlögum sveitarfélaga og ríkis og með beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins. Heildarfjárfestingin er upp á 8,4 ma.kr. Þingið er að ljúka nefndarálitum vegna frumvarpanna.

Þá talar ráðherra í ræðu sinni um lækkun byggingarkostnaðar og nefndi í því samhengi ný drög að byggingarreglugerð. Að áliti ráðherra væru framboð á lóðum lykillinn að lækkun byggingarkostnaðar og hvatti ráðherra sveitarfélögin til að endurskoða gjaldtöku sína vegna lóða og gatnagerðagjalda með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað.

Að lokum sagði ráðherra að þegar við hefðum yfir 120 þúsund heimili í landinu með ólíkar þarfir væri engin ein lausn sem virkaði fyrir alla. „Við þurfum fjölbreyttar lausnir fyrir fjölbreytt heimili.“

Í almennum umræðum tóku til máls:

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, nefndi að þörf væri á að finna lausnir á húsnæðisvandanum. Mosfellsbær hefur reynt að auka framboð á húsnæði með auknu framboði lóða og með breytingum á aðalskipulagi. Bæjarstjórinn lýsti yfir ákveðnum efasemdum um frv. um almennar íbúðir. Gert er ráð fyrir því í frv. að byggðar séu 2.300 íbúðir, sveitarfélögin eiga þá að taka þátt í þeim kostnaði með lækkun á gjöldum, gatnagerðargjöldum o.s.frv. Hann sér ekki þessa 6-8 milljarða í rekstri sveitarfélaga til að koma til móts við ríkið með þennan kostnað og óskar eftir skýrari svörum og vísar m.a. í umsögn sambandsins um frumvarpið.

Í svari ráðherra kom fram að frumvarp um almennar íbúðir er rammalöggjöf og ekkert komi þar fram sem gefi til kynna hversu miklir fjármunir fari í stofnframlög. Frv. segir heldur ekkert til um það, hvernig eigi að fjármagna þessi 70% og er það alfarið í höndum viðkomandi sveitarfélaga og leigufélaga. Þá hafa mörg sveitarfélög veitt lóðir og niðurfellingar á gjöldum. Þess vegna er ákvæði í lögum um að þetta geti verið peningaframlag eða niðurfelling á gjöldum og með lóðum.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, nefnir mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu og sjávarútvegi en Vestfirðir glíma við mikinn markaðsbrest. Ekki sé hægt að leggja þá áhættu á einstaklinga og félagasamtök að taka áhættuna. Hér þurfi ríkið að koma að og þetta þurfi að leysa. Nefnir dæmi að ÍLS hafi metið húsnæði á 11 m.kr. sem kostaði 27 m.kr. að byggja. Fasteignamatið hafi svo verið 15 m.kr. Hér hafi stjórnvöld brugðist.

Ráðherra svaraði hugleiðingum Aðalsteins, um ráðstafanir og lausnir fyrir „köldu“ svæðin. Einhvers konar ríkisábyrgð ætti að vera hér til staðar, því það sést á þessum svæðum að leigumarkaðurinn er virkur. Fólk flytur inn á svæðið vegna aukinnar atvinnusköpunar. Ráðuneytið hefur farið yfir ýmsar tillögur og m.a. skoðað það fyrirkomulag sem horft er hér til, hvort aðstæður séu til þess að horfa ekki til þeirra tekju- og eignamarka á þessum köldu svæðum. Jafnframt vísar ráðherra til þess hvort að skoða eigi séreignarsparnaðarleiðina fyrir þá aðila sem vilja eignast húsnæði. Þetta verður kynnt samhliða þeim tillögum sem snúa að fyrstu kaupendum.

Dagur B Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, telur mikilvægt að líta á stöðuna eins og hún blasir við raunverulegu fólki. Þessi pressa á ódýrar eða gefins lóðir er umræða sem verður að taka. Borgarstjóri nefnir að ekki sé til það hús eða íbúð sem selt er undir markaðsverði, þó lóðin hafi verið gefins. Fjármunirnir renna í vasa verktakanna. Verðum að nálgast þessi mál út frá fólkinu sem raunverulega þarf á þessu að halda og segist standa með húsnæðisfrumvörpunum. Aðstæður sveitarfélaga eru mismunandi, sum hver eiga lítið byggingarland og kallar eftir landsátaki í húsnæðismálum.

Ráðherra velti fyrir sér hvernig stofnframlögin verða bókfærð hjá sveitarfélögunum? Hér er komin leiðin til þess og sveitarfélagið getur átt möguleika á endurgreiðslu. Þetta er ákvæði sem sambandið kom inn.

Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, nefnir að mikilvægt sé að húsnæðismálin klárast. Nefnir mismunandi stöðu einstæðra foreldra út frá húsaleigubótum.

Ráðherra leggur áherslu á, að barn sem býr hjá báðum foreldrum sínum á sitt hvorum staðnum eigi að teljast til heimilismanna á báðum heimilum.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, ræddi stimpilgjöld og lántökukostnað sem getur verið talsvert hár fyrir kaupendur. Ræðir vanda barna með tvö heimili, og nefnir að það sé afar brýnt að unnið sé að þessum málum

og leiðréttur sá aðstöðumunur sem nú ríkir. Varðandi lóðarmálin bendir hann á að ríki og sveitarfélög séu stærstu landeigendurnir í landinu.

Ráðherra svarar því til að aukning leiguhúsnæðis auki hreyfingu samfélagsins og ræddi hækkun húsnæðisverðs í tengslum við umræðu um lækkun vaxta. Tryggja þurfi framboð íbúða og breytingu á lánakerfinu. Fjármálaráðherra hefur unnið í því að lækka stimpilgjöld og mun áfram huga að lækkun þessara gjalda.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, nefnir dæmi frá sínu sveitarfélagi þar sem ÍLS á 48 íbúðir og því enginn húsnæðisskortur í reynd. Hann hefur óskað eftir því að þeir setji íbúðirnar á sölu. Nægt húsnæði er á svæðinu og margt fólk flytur á svæðið í lægri húsaleigu. Óskar eftir því að ráðherra ræði við ÍLS.

Ráðherra segir forstjóra ÍLS hafa heyrt í mörgum sveitarfélögum og mun ráðherra fylgja því eftir.

8. Að loknu þinghaldi

Héðinn Unnsteinsson rithöfundur flutti í lok þingsins hugvekju um mann-skepnuna og las m.a. upp úr bók sinni Vertu úlfur, sem kom út á síðasta ári. Hann flutti einnig heilbrigðisreglur formóður sinnar frá þar síðustu öld og bar saman við lífsorðin 14 sem hann birtir í bók sinni, en þau eru: 1. Notaðu andardráttinn; 2. Borðaðu hollan mat í félagsskap annarra; 3. Hreyfðu þig daglega; 4. Lifðu í punktinum; 5. Upplifðu náttúruna; 6. Gleymdu þér; 7. Mundu að brosa; 8. Agaðu sjálfan þig; 9. Vertu til staðar; 10. Stattu með sjálfum þér; 11. Láttu þig langa í það sem þú hefur; 12. Þjónaðu í auðmýkt; 13. Trúðu og treystu; 14. Finndu sjálfan þig í öðrum.

9. Þingslit.

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, sleit þinginu og þakkaði þingfulltrúum fyrir komuna, framsögumönnum fyrir þeirra þátt og starfs-mönnum sambandsins fyrir undirbúning og framkvæmd landsþingsins.

Þinginu var slitið kl. 15:25.

Vigdís Häsler (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)